

Er málið var tekið í dóm, veiktist dómarrinn af influensu, og hefur uppsögn dómsins dregizt af þeim sökum.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Bergsson, Katrín Árnadóttir, Jóhann Friðriksson, Sveinn Ársælsson og Stefán Árnason f. h. Samkomuhúss Vestmannaeyja h.f., greiði stefnandanum, Kristni Stefánssyni stórtemplar f. h. stúkunnar Báru nr. 2, kr. 56.420.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. október 1953 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1955.

Nr. 175/1955. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Ámundasyni Björnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um að héraðsdómari víki sæti í opinberu máli.

Dómur Hæstaréttar.

Ingi Ingimundarson, fulltrúi sakadómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ákærði, Guðmundur Ámundason Björnsson, hefur með kæru 27. október s.l., er hingað barst 1. þ. m., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, að því er ætla má í því skyni að fá hann felldan úr gildi, og hefur dómsmálaráðherra veitt honum hinn 22. nóvember þ. á. heimild til kærunnar samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951.

Hæstarétti hafa ekki borizt greinargerðir í kærumáli þessu, hvorki frá ákærða né héraðsdómaranum.

Í ákæruskjali er ákærða gefið það að sök, að hann hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis um götur Reykjavíkur aðfaranótt 24. ágúst þ. á. Í prófum málsins hefur ákærði játað á sig afdráttarlaust verknað þenna, og er játningin studd öðrum

styrkum sönnunargögnum, en ekkert fram komið, er geri hana efasama. Þar sem svo stóð á, átti héraðsdómari samkvæmt 4. málsg. 80. gr. laga nr. 27/1951 að synja ákærða um skipun verjanda, en hins vegar samkvæmt niðurlagsákvæði 81. gr. sömu laga að veita honum kost á, ef hann æskti þess, að ráða á sinn kostnað löghæfan mann, er dómari samþykkti, til að halda uppi vörnum. En með því að dómari skipaði ákærða verjanda, verður við það að sitja, þar sem þeirri ákvörðun verður samkvæmt 5. tölulið 170. gr. nefndra laga ekki breytt í æðra dómi.

Þó að héraðsdómari benti ákærða á, að skipun verjanda mundi baka honum kostnað, hefur hann ekki með því farið út fyrir takmörk leyfilegrar leiðbeiningarheimildar, enda var honum skylt samkvæmt 4. málsg. 80. gr. laga nr. 27/1951 að taka á þessu stigi málsins afstöðu til sönnunaratriða þess í sambandi við ákvörðun um skipun verjanda. Verður samkvæmt þessu ekki talið, að héraðsdómarinn hafi gert sig óhæfan til að fara með málið og kveða upp dóm í því, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. október 1955.

Mál það, sem hér liggur fyrir að úrskurða í, er með ákæruskjali sakadómarans í Reykjavík, dagsettu 4. október s.l., höfðað gegn ákærða, Guðmundi Ámundasyni Björnssyni, fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur hinn 24. ágúst s.l.

Ákærða var birt ákæruskjal í máli þessu hinn 7. október s.l. með áritun um þingfestingardag hinn 22. þ. m.

Aðspurður óskaði ákærði eftir Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. sem verjanda í málinu. Dómarinn benti ákærða á það, að hann væri einungis ákærður fyrir þá háttsemi, er hann hefur játað á sig að hafa framið, sem auk þess væri studd öðrum gögnum málsins, og vakti athygli hans á því, að færi svo, að dómur félli á hann, yrði honum væntanlega gert að greiða verjandanum málskostnað, og er ákærði spurði, hve mikill hann væri, var honum sagt, að hann væri venjulega 400—600 krónur.

Við þingfestingu málsins hinn 22. þ. m. mætti Sigurgeir Sigurjónsson hrl., skipaður verjandi ákærða, og lagði fram bréf, þar sem þess er krafizt, að dómarinn viki sæti í máli þessu. Kveður

verjandinn skjólstæðing sinn hafa tjáð sér, að við birtingu ákæru-skjalsins hafi dómariinn spurt, hvort hann óskaði eftir verjanda í málinu, en bætt því við um leið, að ef hann gerði það, þá yrði það aðeins til að baka honum aukakostnað af málinu, er nema mundi 500—600 krónum. Með þessu telur verjandinn, að dómariinn hafi á ótvíræðan hátt fyllilega gefið í skyn álit sitt um dómsniðurstöðu málsins og þar með gert sig óhæfan til þess að fara frekar með málið og dæma í því.

Samkvæmt því, sem áður er rakið um orðaskipti dómarsins við ákærða, er ljóst, að með slíkum leiðbeiningum, sem telja verður sjálfsagðar og eðlilegar, er líkt stendur á, hefur dómariinn á engan hátt tjáð sig þannig um úrslit máls þessa, að það gerði hann óhæfan til að fara áfram með málið. Brestur því algerlega grundvöll fyrir því, að framangreind krafa verjandans verði tekin til greina.

Alyktarorð:

Framangreind krafa um, að fulltrúi sakadómara, Ingi Ingimundarson, víki sæti í máli þessu, er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 8. desember 1955.

Nr. 20/1955. Ólafur Magnússon (Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Guðrúnu Ólafsson (Ragnar Jónsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Grunnleigusamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1955. Krefst hann þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefndu og að henni verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með grunnleigusamningnum frá 14. maí 1934 var lóð sú,